

B.A. próf í myndlist. 3 ár til 90 eininga.

B.F.A. próf í leiklist. 4 ár til 120 eininga.

B.A. próf í tónlist, tónsmíðum og/eða fræðigreinum. 3 ár til 90 eininga

B.Mus. próf í tónlist, söng eða hljóðfæraleik. 3 ár til 90 eininga.

Sjálfstætt grunnám og/eða undirbúningsnám (Diploma/Certificate):

Tónlist, hljóðfæraleikur. 2-3 ár til 50 eininga.

Starfsmiðað nám (Diploma/Certificate) eftir fyrstu háskólagráðu:

Uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara til kennsluréttinda í myndlist og/eða hönnun. 1-2 ár til 15-30 eininga.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 18 við Grófina í Keflavík, Reykjanesbæ.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir stækkun á byggingarreit að Grófinni 18C og breytingu á aðkomu að Grófinni 18A og 18B.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 24. janúar 2002.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 457, 11. júní 2001, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „46.054“ í 1. mgr. 3. gr. komi: 50.254.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. febrúar 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.